



## Fundargerð 18. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 29. maí 2015, kl. 9:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson, Berglind Kristinsdóttir, Gísli Heiðarsson, Guðjón Þ. Kristjánsson, Johan D Jónsson, Laufey Kristjánsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir, Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður Halldóra Aradóttir (Markaðsstofa Reykjanes)

### 1. Framkvæmdir við áningarstaði

Rætt um stöðu framkvæmda á áningarstöðum. Reykjanesbær á í viðræðum við landeigendur á Reykjanesi. Vinna við deiliskipulag á svæðinu mun halda áfram þegar samningar hafa náðst. Vegagerðin mun leggja bundið slitlag á Reykjanesvitaveg að Reykjanesvita í haust.

### 2. Úthlutun fjármuna til brýnna verkefna á ferðamannstöðum 2015

Rætt um úthlutun fjármuna til brýnna verkefna á ferðamannstöðum frá 26. maí sl.

Stjórn Reykjanes jarðvangs fagnar auknum framlögum til uppbyggingar ferðamannastaða á Íslandi. Stjórnin gerir hins vegar athugasemd við að aðeins sé úthlutað til ferðamannastaða í eigu og umsjón ríkisins. Sérstaka athygli vekur að engin framlög eru til verkefna á Reykjanesi en Reykjanesskagi er þriðji fjölsóttasti landshlutinn af ferðamönnum. Reykjanesfólkvangur er á rauðum lista Umhverfisstofnunar og landssvæðið að mestu í eigu ríkisins. Verkefni þaðan ættu því að uppfylla allar forsendur sem settar voru fyrir úthlutuninni. Stjórn Reykjanes jarðvangs ályktar að mistök hljóti að hafa átt sér stað við úthlutunina sem verði leiðrétt strax. Stjórnin skorar jafnframt á ráðherra ferðamála við að bæta úr þessu þegar í stað og býður fram aðstoð sína.

### 3. Svar til Global/European Geoparks Network vegna aðildarumsóknar

Verkefnastjóra falið að vinna drög að svari og leggja það fyrir stjórn á næsta fundi.

### 4. Ársreikningur 2014

Ársreikningur vegna ársins 2014 lagður fram. Stjórn leggur til að ársreikningurinn verði staðfestur á aðalfundi.

### 5. Fagráð um fræðslu- og rannsóknir

Frestað til næsta fundar.

### 6. Samkomulag um samstarf Reykjanes Jarðvangs og Markaðsstofu Reykjanes

Samkomulagið lagt fram og samþykkt.

### 7. Reykjanes Aurora

Á fundinn mættu Rúnar M. Sigurvinsson og Örvar Sigurðsson til að kynna verkefnið Reykjanes Aurora.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30.

Fundargerð ritaði: ESJ